

# Skattalaga- breytingar

Skattafróðleikur KPMG  
30. janúar 2025



# Lög samþykkt á Alþingi 2024

- 01** Lög nr. 36/2024 um breytingu á lögum um tekjuskatt.
- 02** Lög nr. 63/2024 um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða og lögum um aukatekjur ríkisjóðs.
- 03** Lög nr. 127/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2025.
- 04** Lög nr. 140/2024 um breytingu á lögum um skatta og gjöld o.fl.

**01**

# **Einstaklingar**

# Skattþrep og persónuafsláttur


Þrepamörk hækka um 5,48% á milli ára.

Persónuafsláttur hækkar um 6,84% á milli ára.

Skatthlutföll einstaklinga í staðgreiðslu hækka um 0,01% á milli ára.

Meðalútsvar hækkaði úr 14,93% í 14,94%.

Hámarksútsvar er óbreytt eða 14,97%.



# Dæmi

Tekjuskattstofn á mánuði		218.136	750.000	1.500.000
Af tekjum 0 – 472.005 kr.	31,49%	68.691	148.635	148.635
Af tekjum 472.006 – 1.325.127 kr.	37,99%		105.610	324.101
Af tekjum yfir 1.325.127 kr.	46,29%			80.949
Persónuafsláttur		-68.691	-68.691	-68.691
<b>Staðgreiðsla</b>		<b>0</b>	<b>185.554</b>	<b>484.993</b>

**2025**

# Dæmi

Tekjuskattstofn á mánuði		218.136	750.000	1.500.000	
Af tekjum 0 – 472.005 kr.	31,49%	68.691	148.635	148.635	
Af tekjum 472.006 – 1.325.127 kr.	37,99%		105.610	324.101	
Af tekjum yfir 1.325.127 kr.	46,29%			80.949	
Persónuafsláttur		-68.691	-68.691	-68.691	
<b>Staðgreiðsla</b>		<b>0</b>	<b>185.554</b>	<b>484.993</b>	<b>2025</b>
Af tekjum 0 - 446.136 kr.	31,48%	68.669	140.444	140.444	
Af tekjum 446-137 - 1.252.501 kr.	37,98%	0	115.408	306.257	
Af tekjum yfir 1.252.501 kr.	46,28%	0	0	114.543	
Persónuafsláttur		-64.926	-64.926	-64.926	
<b>Staðgreiðsla</b>		<b>3.743</b>	<b>190.925</b>	<b>496.317</b>	<b>2024</b>

# Dæmi

Tekjuskattstofn á mánuði		218.136	750.000	1.500.000
Af tekjum 0 – 472.005 kr.	31,49%	68.691	148.635	148.635
Af tekjum 472.006 – 1.325.127 kr.	37,99%		105.610	324.101
Af tekjum yfir 1.325.127 kr.	46,29%			80.949
Persónuafsláttur		-68.691	-68.691	-68.691
<b>Staðgreiðsla</b>		<b>0</b>	<b>185.554</b>	<b>484.993</b>
Af tekjum 0 - 446.136 kr.	31,48%	68.669	140.444	140.444
Af tekjum 446-137 - 1.252.501 kr.	37,98%	0	115.408	306.257
Af tekjum yfir 1.252.501 kr.	46,28%	0	0	114.543
Persónuafsláttur		-64.926	-64.926	-64.926
<b>Staðgreiðsla</b>		<b>3.743</b>	<b>190.925</b>	<b>496.317</b>
<b>Mismunur</b>		<b>3.743</b>	<b>5.371</b>	<b>11.324</b>

2025

2024

# Barnabætur

Tegund greiðslu	Einstætt foreldri	Hjón og sambýlisfólk
Barnabætur með hverju barni	514.500 kr.	345.000 kr.
Viðbót með hverju barni yngra en 7 ára	130.000 kr.	130.000 kr.



# Barnabætur

Tegund greiðslu	Einstætt foreldri	Hjón og sambýlisfólk
Barnabætur með hverju barni	514.500 kr.	345.000 kr.
Viðbót með hverju barni yngri en 7 ára	130.000 kr.	130.000 kr.

Skerðingar	Einstætt foreldri	Hjón og sambýlisfólk
Skerðingarmörk vegna tekna umfram	5.844.000 kr. á ári	11.688.000 kr. á ári
Skerðingarhlutfall á hvert barn	4%	4%
Skerðing á viðbót vegna barna yngri en 7 ára	4%	4%

# Barnabætur - nýjung

**Á árinu 2025 er foreldrum í fyrsta sinn greiddar barnabætur á fæðingarári barnsins.**

Fjárhæðin sem greidd er á fæðingarári kemur til lækkunar þeirra barnabóta sem greiddar verða í febrúar og maí árið eftir.

**Barnabætur á fæðingarári eru greiddar út sjálfkrafa til foreldra.**

Ekki þarf að sækja um og ekki er hægt að afþakka.



# Vaxtabætur

	<b>Skerðingarmörk hreinnar eignar</b>	<b>Vaxtabætur falla niður ef hrein eign er umfram</b>
Hjá einhleypingi/einstæðu foreldri	7.500.000 kr.	12.000.000 kr.
Hjá hjónum/sambúðarfólki	12.000.000 kr.	19.200.000 kr.

	<b>Hámark vaxtabóta</b>	<b>Hámark vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta</b>
Fyrir einhleyping	420.000 kr.	840.000 kr.
Fyrir einstætt foreldri	525.000 kr.	1.050.000 kr.
Fyrir hjón og sambúðarfólk	630.000 kr.	1.260.000 kr.

# Hitt og þetta

	Verður	Var
Útvarpsgjald	21.400 kr.	20.900 kr.
Gjald í framkv.sjóð aldraðra	14.093 kr.	13.749 kr.
Skattfrelsismark erfðafjárskatts	6.498.129 kr.	6.203.409 kr.

# Séreignasparnaður

Heimild til að ráðstafa viðbótariðgjaldi til séreignasparnaðar inn á höfuðstól lána var framlengd til loka árs 2025.



# Persónuafsláttur á móti fjármagnstekjuskatti

Nýting á óráðstöfuðum persónuafslætti á móti fjármagnstekjuskatti breytist úr 22/37 í 22/31.



# Lífeyrispegar búsettir erlendis

Hætt við áformaða breytingu á afnámi persónuafsláttar við ákvörðun tekjuskatts af eftirlaunum og lífeyrisgreiðslum frá Íslandi.




# Island.is

**Frá og með 1. janúar 2025 birtast bréf frá Skattinum í stafræna pósthólfinu á Island.is.**

Þetta gildir um einstaklinga og lögaðila sem eru með útgefna kennitölu.

**Aðgangur að bréfum og tilkynningum frá Skattinum verður eftir sem áður til staðar á þjónustusíðu Skattsins.**





# Brottfeld ákvæði

Niðurfelling virðisaukaskatts á rafmagnsbifhjól, létt bifhjól knúin rafmagni og reiðhjól er fallin úr gildi.

Skattafrádráttur vegna hlutabréfakaupa einstaklinga í sprotafyrirtækjum var ekki framlengdur.

**02**

# **Rekstraraõilar**

# Tekjuskattur lögaðila

Tímabundin hækkun á skatthlutfalli lögaðila var ekki framlengd.

Skatthlutfall félaga með takmarkaða ábyrgð er 20%.

Skatthlutföll annarra félaga er 37,6%.



# Gistináttaskattur

**Gistináttaskattur af hverri gistináttæiningu er sem hér segir:**

400 kr. fyrir gistiaðstöðu á tjaldstæði og vegna stæða fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi.

400 kr. á hvern dvalargest sem hefur gistináttæiningu til afnota um borð í skemmtiferðaskipi í innanlandssiglingum við Ísland.

800 kr. fyrir hótél og gistiheimili og aðra gististaði sem hafa rekstrarleyfi í flokkum II-IV skv. lögum nr. 85/2007.


**Gistináttaskattur myndar ekki lengur stofn til virðisaukaskatts**



# Innviðagjald

Þeim sem hafa með höndum rekstur skemmtiferðaskipa í millilandasiglingum ber að greiða innviðagjald fyrir **hvern farþega** um borð í skipinu **fyrir hvern byrjaðan sólarhring** sem skipið dvelur í höfn hér á landi eða annarsstaðar á tollsvæði ríkisins.

Innviðagjaldið fyrir hvern farþega á hvern byrjaðan sólarhring er **2.500 kr.**



# Félög á almannaheillaskrá

Félögum á almannaheillaskrá er aðeins heimilt að stunda **takmarkaða atvinnustarfsemi** til fjáröflunar innan þeirra marka sem tilgreind eru í samþykktum hans og leiða má beint af tilgangi lögaðilans og atvinnustarfsemin hefur aðeins óverulega fjárhagslega þýðingu með tilliti til heildartekna hans eða er **óverulegur hluti heildarstarfsemi**.



# Skattafrádráttur vegna rannsóknar- og þróunarstyrkja

Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti takmarkast við samanlagðan kostnað fyrirtækja sem teljast **tengd** og sótt hafa um skattfrádrátt.

Hægt að framlengja umsókn um sama verkefni að hámarki **prisvar**.

Rannís getur **afturkallað** staðfestingu ef umsókn byggist á röngum og villandi upplýsingum.

Styrkir frá **erlendum opinberum aðilum** falla undir hámark á heildarfjárhæð opinberra styrkja.



# Virðisaukaskattur - Atvinnufyrirtæki

Þegar kaupandi þjónustu er atvinnufyrirtæki (e. **Business to Business, B2B**) er gert ráð fyrir að þjónusta teljist vera nýtt og þar með skattlögð þar sem kaupandi hefur heimilisfesti eða fasta starfsstöð.

Það tryggir hlutleysi í viðskiptum þar sem innflutt aðföng til reksturs (vara og þjónusta) eru þá skattlögð með sama hætti og innlend aðföng til rekstursins.

## Meginregla:

Til undanþeginnar veltu telst sala á þjónustu til fyrirtækja sem hvorki eru heimilisföst hér á landi né stunda hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð.

## Þjónusta sem fellur ekki undir meginregluna:

- Útleiga fasteigna.
- Þjónusta við fasteignir.
- Útleiga hótél- og gistiherbergja og tjaldstæða og aðra gistipjónustu.
- Aðgangur að vegamannvirkjum.
- Fólksflutningar.
- Aðgangur að menningar-, lista-, íþróttá-, vísinda-, menntunar- og skemmtiviðburðum, baðhúsum, baðstöðum og heilsulindum, auk tengdrar þjónustu.
- Þjónusta tengd framreiðslu veitinga.
- Útleiga ökutækja.
- Fjarskipta-, útvarps- og sjónvarpsþjónusta.
- Þjónustu ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda og ferðaleiðsögn.



# Virðisaukaskattur - Aðrir aðilar en atvinnufyrirtæki

Þegar kaupandi þjónustu er ekki atvinnufyrirtæki (e. Business to Consumer, B2C) er gert ráð fyrir að þjónustan teljist nýtt og þar með skattlögð þar sem seljandi hefur heimilisfesti eða fasta starfsstöð.

Þar er horft til þess að kaupandi er hinn endanlegi neytandi sem á að bera þann virðisaukaskatt sem hann greiðir af aðkeyptum vörum og þjónustu.

Til undanþeginnar veltu telst sala á eftirfarandi þjónustu **til annarra aðila en atvinnufyrirtækja** sem hafa ekki heimilisfesti, lögheimili, varanlega búsetu eða dveljast ekki að jafnaði hér á landi enda á raunveruleg nýting þjónustunnar sér stað utan Íslands:

- þjónustu sem veitt er rafrænt
- fjarskiptaþjónustu
- útvarps- og sjónvarpsþjónustu
- framsali á höfundarétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar
- auglýsingaþjónustu
- ráðgjafarþjónustu, verkfræðiþjónustu, lögfræðiþjónustu, þjónustu endurskoðenda og annarri sambærilegri sérfræðiþjónustu
- þjónustu banka, fjármálafyrirtækja og tryggingafélaga

# Staðgreiðsla skatts af greiðslum úr landi

Á greiðendum tiltekinna tegunda tekna úr landi hvílir skylda til að halda eftir skatti í staðgreiðslu og skila honum í ríkissjóð.

- Laun fyrir vinnu innta af hendi utan Íslands, þ.m.t. fyrir stjórnar-, endurskoðunar- og nefndarstörf.
- Eftirlaun, biðlaun og lífeyrir.
- Greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi sem innt er af hendi á Íslandi.
- Tekjur, þ.m.t. söluhagnaður, af lausafé, einkaleyfum, réttindum og sérþekkingu.
- Tekjur, þ.m.t. söluhagnaður, af hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði íslensks fyrirtækis.
- Vaxtatekjur.
- Tekjur af afleiðusamningum.
- Gjafir, aðrar en tækifærisgjafir.

Mánaðarlegum skilum skatts í ríkissjóð skal fylgja rafræn skilagrein á forminu RSK 5.41

Hlutfall skatts sem greiðanda ber að halda eftir í staðgreiðslu er mishátt eftir tegund teknanna og hvort maður eða lögaðili fær tekjurnar.

**Tvísköttunarsamningur, sem Ísland hefur gert við heimaríki tekjuhafa, kann að takmarka eða fella alveg niður skattlagningarrétt Íslands.**

Sækja þarf um heimild til beitingar ákvæðum tvísköttunarsamnings á eyðublöðum RSK 5.42 og/eða RSK 5.49.

**03**

# **Skattmat og leiðbeiningar**

# Gjafir

Peningagjafir launagreiðanda til starfsmanna teljast **alltaf** til skattskyldra tekna viðtakanda, hvort sem gjöfin er í beinhörðum peningum, innleggi á bankareikninga eða afhendingu **á hvers konar kortum sem fæst skipt fyrir peninga.**



# Bifreiðahlunnindi

Ársumráð bifreiða sem knúnar eru með jarðefnaeldsneyti miðast við **28%** af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar.

Ársumráð bifreiða sem knúnar eru með rafmagni, vetni eða metan miðast við **20%** af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar.

Ef starfsmaður hleður rafmagnsbifreið á eigin kostnað skal miða við **19%** af verði bifreiðarinnar.

Útreikningur bifreiðahlunninda rafbifreiða miðast við kaupverðið að frádregnum styrk frá Orkusjóði.



# Leiðbeiningar Skattsins

Um skattskyldu vegna rekstrar hlaðvarpa

[rsk\\_1220\\_2024\\_is.pdf](#)

Um skattskyldu íþróttastarfsemi

[rsk\\_1207.is.pdf](#)



[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2025 KPMG Law ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

**Document Classification: KPMG Public**